

2. tbl. 17. árg.



S. 581 15 15

3 staðir 1 símanúmer

Gnoðarvogi 44 - Ánanaustum og Eddufelli 6



OPIÐ

ALLAN sólarhringinn
á Eiðistorgi

HÖFUM OPNAÐ HEILSUHÖF
V/ SUÐURSTRÖND 10 (GAMLI SKARI)



Virka daga: 9 - 18
Laugardagar: 10 - 16

Sjá nánar á www.facebook.com/Sysstrasamlagið



**Slökkvitækja-
þjónustan**

☎ 564 1433

Bakkabraut 16 • 200 Kópavogur

Fyrir heimili - húsfélög - fyrirtæki
Úrval slökkvitækja. Leitið tilboða!

- bls. 4

Eva Einarsdóttir
borgarfulltrúi

Þétting byggðar án háhýsa í Vesturbæ og Miðbæ



Eftir margra ára þref hillir loks undir það að byggt verði á SÍF-reitnum á Keilugranda.

Stefnt er að því að byggja milli 600 og 700 íbúðir á ári í Reykjavík til ársins 2030 samkvæmt samþykkt borgarstjórnar Reykjavíkur. Meðal þessara byggingareita er SÍF-reiturinn sem er á Keilugranda en þar verða byggðar um 70 íbúðir í samstarfi við KR sem fær á reitnum æfingaaðstöðu inannhúss.

Borgarráði Reykjavíkur hefur borist staðfesting frá Skipulags-

stofnun á því að ekki verði gerðar frekari athugasemdir við nýtt aðalskipulag Reykjavíkurborgar til ársins 2030. Í lok janúar óskaði Skipulagsstofnun eftir skýringum og leiðréttingum borgarinnar á tilteknum atriðum sem liggja þurftu fyrir áður en stofnunin gat staðfest umræddar skipulagsáætlanir. Í tilviki aðalskipulags Reykjavíkur varðar það fyrst og fremst áform um uppbyggingu í Vatnsmýri og

samræmi aðalskipulagsins við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins hvað varðar íbúðauppbyggingu og stofnbrautarkerfi. Á næstu 4 – 5 árum má búast við að byggðar verða allt að 850 íbúðir í Vesturbæ og miðborginni sem er í samræmi við áætlun borgarstjórnar að þetta byggð án háhýsa á aflögðum reitum.

Sjá nánar á bls. 7.



Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavík  **Apótek**

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is



Melabúðin
þín verslun

Allt fyrir sprengidaginn...

Saltkjöt

- beint úr tunnunum
léttsaltað á gamla mátann

✓ Kjötið okkar
klikkar ekki

Vesturbæjarblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.
Vesturgötu 15 • 101 Reykjavík • Sími: 511 1188
Ritstjóri: Geir A. Guðsteinsson, Sími 564 5933, 898 5933
Netfang: geirgudsteinsson@simnet.is
Auglýsingasími: 511 1188 • 895 8298
Heimasíða: borgarblod.is
Netfang: borgarblod@simnet.is
Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson
Umbrot: Valur Kristjánsson
Prentun: Landsprent ehf.
Dreifing: Morgunblaðið
2. tbl. 17. árgangur
Vesturbæjarblaðinu er dreift í hvert hús í póstnúmerum 107 og 101.

Landsmenn vilja öryggi hvað varðar íbúðakaup

Það er býsna löng hefð fyrir því á Íslandi að almenningur eigi íbúðarhúsnæði sitt og ráðstafi framtíðartekjum með mikilli skuldsetningu í tengslum við íbúðarkaup. Þrátt fyrir að Íslendingar hafi lengi búið við eignarfyrirkomulag hafa ekki myndast öflug hagsmunasamtök til að verja hagsmuni íbúðar-kaupenda. Til eru öflug byggingarfyrirtæki sem leggja metnað sinn í vandaða framleiðslu og vönduð viðskipti með íbúðarhúsnæði. En því miður eru óvandaðar aðilar innan um sem hafa engan faglegan metnað og koma fram við viðskiptavini sína með ótrúlegri ósvífni. Í slíkum tilfellum virðast kaupendur illa varðir og verða oft fyrir miklu tjóni sem erfitt er að fá bætt, meðal annars vegna þess að engar eignir standa á bak við fyrirtækin og þegar vandræði steðja að skipta eigendurnir um kennitölu. Þetta ástand versnaði auðvitað til muna eftir efnahagsshrúnið 2008 en margir hafa borið þá von í brjósti að framundan séu bjartari tím- ar. Eigum við ekki að vona það?

Samiðn, samband iðnfélaga, hefur bent á að dæmi eru um byggingar, m.a. í Reykjavík, sem voru verulega gallaðar og kölluðu á umfangsmiklar viðgerðir á þaki og gluggum, múrhúðin losnaði utan af húsum og ráðast þurfti í umfangsmiklar og dýr- ar viðgerðir. Þegar svo gera átti kröfu um að verktakinn kost- aði viðgerðirnar, var gripið í tóm, hann var gjaldþrota. Einnig voru dæmi um að gerð var krafa um að byggingarstjóratrygging hússins bætti tjónið, en því var hafnað. Nokkrar bætur hafa í ein- hverjum tilfellum fengist gegnum dómskerfið, en þá venjulega dæmdar bætur sem nema aðeins hluta kostnaðarins. Nú þegar byggingamarkaðurinn er að vaka af Þynirósarsvefninum, einnig í Vesturbænum, eru dæmi þess að gjaldþrota verktakar eru að hugsa sér til hreyfings, en auðvitað undir nýrri kennitölu.

Hvað er til ráða?

Hvernig getur þetta gerst? Hver ber ábyrgðina? Og er þetta óumflýjanlegur fylgifiskur frjáls markaðar? Svar- ið við síðustu spurningunni hlýtur að vera nei, þetta er óásætlanlegt. Þessi staða íbúðarkaupandans er óviðunandi og því hlýtur það að vera skylda allra sem málið snertir að samein- ast um úrbætur. Tryggja þarf hagsmuni kaupenda mun betur en gert er nú og auka ábyrgð allra sem koma að ferlinu. Gera verður kröfur til þeirra sem standa fyrir byggingum að þeir kaupi trygg- ingu eða geti lagt fram tryggingar í eignum sem nema ákveðnum hundraðshluta væntanlegs byggingarkostnaðar. Tryggingin eða eignin verði bundin þar til lokaúttekt liggur fyrir. Skoða á í fullri alvöru hvort ekki á að fara hliðstæða leið og farin er í Danmörku gagnvart þeim sem verða gjaldþrota. Þar er þeim gert ókleift að hefja starfsemi strax á nýjan leik. Vel mætti hugsa sér að það þyrftu að líða í það minnsta fimm ár frá því að gjaldþrotaskipt- um lýkur þar til viðkomandi má hefja rekstur á ný enda fari hann þá á varúðarskrá sem verði undir ströngu eftirliti. Mikilvægt er að gera skýrari kröfur til fasteignasala um að þeir leggi faglegt mat á húsnæði sem þeir taka til sölu og geri væntanlegum kaup- endum grein fyrir því ef húsbyggjandinn er fjárhagslega veikur og uppfyllir ekki almennar gæðakröfur. Gera á kröfu til samtaka atvinnurekenda um að þau hafi ströng inntökuskilyrði gagnvart félagsmönnum sínum og tryggi að ekki séu í þeirra röðum fyrir- tæki og einstaklingar með vafasama viðskiptasögu. Það er nóg komið af slíku. Ef við eigum að snúa til betra lífs á Íslandi, eins og ríkisstjórn Sigmundar Davíðs hefur lofað, er þetta eitt af þeim málum sem verður að komast í farsæla og örugga höfn. Samein- umst um það í alvöru.

Geir A. Guðsteinsson ritstjóri

S T U T T A R B O R G A R F R É T T I R

Brim hyggst breyta Geirsgötu 11

Á fundi stjórnar Faxaflóa- hafna var rædd fyrirsöfnun Brims hf. vegna breyttrar nýtingar og breytts útlits hússins við Geirs- götu 11. Hafnarstjórn tók jákvætt í fyrirbyggjandi tillögu um breyt- ingar á Geirsgötu 11 og lýsir sig reiðubúna til viðræðna um framhald málsins. Stjórn Faxa- flóahafna sf. samþykkti að fresta hækkun á vörugjöldum frá og með 1. janúar en miða hækkun skipagjalda og tengdra þjónustu- gjalda við 2,5%, sem er verð- bólgumarkið Seðlabanka Íslands, í stað 3,8% hækkunar. Gjaldskráin verði tekin til endurskoðunar á miðju ári með hliðsjón af þróun verðlags. Hafnarstjóra er falið að gera viðeigandi tillögu að breyt- ingum rekstrargjalda miðað við nýjar verðlagsforsendur og senda ASÍ og Eimskipafélagi Íslands svar við erindi þeirra og gera grein fyr- ir þeim áhrifum sem þessi breyt- ing hefur.

Sjávarréttavagn við Suðurbugt

Davíð Freyr Jónsson f.h. Arctic Seafood lagði nýlega fram erindi til stjórnar Faxaflóahafna þar sem óskað er eftir leyfi til að setja upp „sjávarréttarvagn“ við Suð- urbugt. Stjórn Faxaflóahafna sf. samþykkti að heimila staðsetn- ingu „sjávarréttar-vagns“ á svæði við Ægisgarð til reynslu fram á næsta haust. Tekið var fyrir erindi Jóns Ágústs Þorsteinsson- ar f.h. Klappa ehf. og Þorsteins Jónssonar, dags., 15.1.2014, þar sem óskað er eftir samstarfi við Faxaflóahafnir sf. um umhverfis- vernd hafnarsvæða og þátttöku í öndvegissetri um verndun hafs- ins o.fl. Hafnarstjórn fól formanni og hafnarstjóra að afla frekari upplýsinga um verkefnið. Einnig erindi Jóhanns Sigmarsson- ar varðandi styrk til Miðbaugs- minjaverkefnisins. Hafnarstjórn gat ekki orðið við erindinu.

Vetrarhátíð fjölsótt

Fjölmargir sóttu Vetrarhátíð sem nýlega er afstaðin. Ljósalista- verk, Heimsdagur barna, Safna- nótt og margt fleira spennandi hefur verið í boði undanfarna daga. Nú kynnum við tvö ljósa- listaverk til viðbótar sem enginn ætti að láta fram hjá sér fara.

Öldugata 28 stækkuð til norðurs og vesturs

Á fundi umhverfis- og skipu- lagsráðs borgarinnar var tekin fyrir umsókn um stækkun Öldu- götu 28, stækkun til norðurs og vesturs. Umsækjandi er Stefanía Ingibjörg Sverrisdóttir. Að lokinni grenndarkynningu var lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 1. október 2013 þar sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu við norður- hlið, kjallara, tvær hæðir og ris, stækka anddyri á viðbyggingu á vesturhlið og gera svalir á þaki hennar og byggja bílskúr með verönd og garði á þaki við aust- urhlið einbýlishúss á lóð nr. við Öldugötu. Tillagan var grennd- arkynnt frá 27. nóvember til og með 27. desember 2013. Eftir- taldir aðilar sendu athugasemd- ir: Áróra Pálsdóttir, Eiríkur Dór Jónsson og Áróra Pálsdóttir, Eva Gestsdóttir, Ásta B. Jónsdóttir og Einar I. Halldórsson eigendur

að Bárugötu 33. Einnig var lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa. Umhverfis- og skipulagsráð gerir ekki athugasemdir við umsögn skipulagsfulltrúa og var erindinu vísað til fullnaðarafgreiðslu bygg- ingarfulltrúa.

Lengi beðið eftir svari um hlutverki hverfisráða

Á fundi borgarráðs 6. febrúar sl. var lagt fram svar svar borg- arstjóra við fyrirsöfnun borgar- ráðsfulltrúa Vinstri grænna um hverfajónustu og hlutverk hverf- isráða, sbr. 34. lið fundargerðar borgarráðs frá 2. maí 2013, 28. lið fundargerðar borgarráðs frá 19. september 2013 og 22. lið fundargerðar borgarráðs frá 16. janúar 2014. Borgarráðsfull- trúi Vinstri grænna óskar bók- að: „Borgarráðsfulltrúi Vinstri grænna þakkar fyrir svarið eft- ir níu mánaða bið. Það er mið- ur að meirihluti Besta flokks og Samfylkingar hafi ekki haft dug til að ná niðurstöðu um eflingu nærþjónustu og hverfalýðræðis. Starfshópurinn um hverfajónu- stu og hverfisráð var kominn vel á veg með framsæknar tillögur sem vel hefði mátt vinna áfram með til að skapa þverpólítíska sátt. Ákvörðun meirihlutans um að láta staðar numið er því óskilj- anleg með öllu.

Eftirlitsmyndavél- ar gefnar Melaskóla ekki settar upp

Hverfisráð Vesturbæjar fund- aði 23. janúar sl. Rætt um verk- efnið „betra hverfi“ og farið yfir þær tillögur sem borist höfðu frá Umhverfis- og skipulagsráði um hvaða verkefni ættu erindi í kosningu fyrir betri hverfi. Alls höfðu 10 tillögur verið samþykkt- ar af ráðinu og ákvað Hverfisráð að samþykkja þær líka. Að var að auki bætt við 10 tillögum/ verkefnum sem náðu ekki kosn- ingu fyrir árið 2013. Hverfisráð ákvað að bæta þeim við til þess að íbúar Vesturbæjar geti kosið um þau aftur. Þess má geta að sú upphæð sem Vesturbærinn hefur fyrir árið 2014 eru rúmar 37 milljónir króna. Á fundinum var einnig farið yfir þau verkefni sem áttu að vinnast árið 2013 í betri Reykjavík og átti að kanna hver staðan væri, þ.e. hvort þau væru öll bún og ef ekki, hvaða verkefni eru eftir og hvenær eigi að klára þau. Samþykkt var að athuga hvers vegna eftirlitsmyndavél- ar séu ekki uppi við Melaskóla, en Hverfisráð gaf þær til skólans fyr- ir nokkrum árum síðan. Einnig að athuga hvort ekki sé hægt að koma upp lýsingu við listaverkið

sem stendur á hringtorgi við Hót- el Sögu og spyrjast fyrir um hvort lögreglan geti verið sýnilegri svona af og til við gangbrautir sem eru við grunnskóla Vestur- bæjar.

Sótt um umtals- verðar breytingar á Fjólugötu 5

Á afgreiðslufundi bygginga- fulltrúar borgarinnar var fyrir skömmu tekin fyrir umsókn Kjart- ans Arnar Ólafssonar og Ástu Sól- lilju Guðmundsdóttur Fjólugötu 5 en þau sækja um samþykki á reyndarteikningum þar sem kem- ur fram stækkun á bílskúr, kalt rými, núverandi girðing er færð að lóðarmörkum, verönd stækk- uð, eldvarnarmerkingu á hurð í bílskúr breytt , þakgluggar færð- ir til á vesturhlið og þakgluggi á austurhlið felldur út í húsi á lóð nr. 5 við Fjólugötu. Afgreiðslu var frestað og vísað til athugasemda á umsóknarblaði.

Sótt um samþykki á íbúð í kjallara Víðimels 61

Benedikt Bjarki Jónsson, Víði- mel 61 hefur sótt til bygginga- fulltrúa um samþykki á íbúð í kjallara íbúðarhúss á lóð nr. 61 við Víðimel. Meðfylgjandi var bréf arkitekts dags.28.1. 2014. Afgreiðslu frestað og vísað til athugasemda á umsóknarblaði.

Útilistarverk og menningarstefna

Menningar- og ferðamála- ráð Reykjavíkurborgar tók fyr- ir skömmu til afgreiðslu á fundi ráðsins útskrift úr gerðarbók umhverfis- og skipulagsráðs frá 15. janúar 2014 um útilista- verk CCP ásamt umsögn skipu- lagsfulltrúa dags 8. janúar 2014 og bréfi stjórnar Faxaflóahafnar dags. 10. janúar 2014. Samþykkt að vísa málinu til borgarráðs til afgreiðslu. Davíð Stefánsson hefur verið skipaður í starfshóp um endurskoðun menningarstefnu Reykjavíkurborgar í stað Þórs Steinarssonar en hópin skipa að öðru leyti Einar Örn Benedikts- son, Ósk Vilhjálmsdóttir, Svan- hildur Konráðsdóttir og Signý Pálsdóttir. Hvenær skyldi nefndin eiga að skila af sér?

Gerðu góðverk í dag

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar

www.help.is

Vesturbæingar

- Það er eftirsóknarvert að búa í Vesturbænum! -

Vetrarolympíufarar KR heiðraðir

Þann 18. febrúar sl. var haldið upp á 80 ára afmæli ferðanefndar skíðadeildar KR í Frostaskjólí. Við stofnun skíðadeildarinnar tveimur árum síðar var ferðanefndin formlega lögð niður.

Við þetta tækifæri voru Vetrarolympíufarar skíðadeildar KR heiðraðir, bæði af KR og Skíðasambandi Íslands. Sex KR-ingar hafa keppt á 7 Olympíuleikum, þ.e. einn fór á tvenna Olympíuleika. Í upphafi afmælisveislunnar sögðu allir Olympíufararnir frá sinni upplifun af því að taka þátt í Vetrarolympíuleikum, væntingum og reynslu og var afar gaman og fræðandi á hlusta á það. Það var afar vel til fundið að kalla saman þetta íþróttafólk sömu daga og Vetrarolympíuleikarnir fara fram í Sochi í Rússlandi.

Þeir sem hafa keppt á Vetrarolympíuleikum og voru heiðraðir eru:

• Þórir Jónsson sem keppti í Cortina 1948

- Jóhann Vilbergsson sem keppti í Squaw Valley 1960 og í Innsbruck 1964
- Björn Olsen sem keppti í Grenoble 1968
- Jörunn Viggósdóttir sem tók þátt í leikunum í Innsbruck 1976
- Theodóra Mathiesen tók þátt í leikunum í Nagano 1998
- Jóhann Friðrik Haraldsson keppti á leikunum í Salt Lake City 2002.



Skíðakapparnir ásamt ásamt fulltrúum KR og SSÍ. F.v.: Smári Þorvaldsson gjaldkeri Skíðasambands Íslands, Anna Laufey Sigurðardóttir formaður skíðadeildar KR, Theodóra Mathiesen, Jóhann Friðrik Haraldsson, Jóhann Vilbergsson, Þórir Jónsson, Jörunn Viggósdóttir, Björn Olsen og Gylfi Dalmann formaður KR.

Kjósum betri hverfi 2014



Dagana 11. – 18. mars verða haldnar hvetur alla íbúa í Reykjavík yfir 16 ára aldri til rafrænar hverfakosningar í Reykjavík. Íbúar að taka þátt í kosningunum og kynna sér kjósa þá á milli fjölmargra hugmynda sem verkefni sem í boði eru. fegra og bæta hverfin. Reykjavíkurborg

Virkjum íbúalýðræðið!

Hugmyndir í Vesturbæ sem kosið verður um 11. – 18. mars

Heiti verkefna	Verð í m.kr.
1 Setja upp hundagerði við Vesturbæjarlaug	5.000.000
2 Fjölga hraðahindrunum á Kaplaskjólssvegi	2.000.000
3 Endurbæta "Leynigarðinn" við Brekkustíg 15B	3.000.000
4 Setja leiktæki og malbika hluta stígs á svæði milli Grana- og Frostaskjólss	10.000.000
5 Fjölga ruslastömpum á völdum stöðum í Vesturbæ	4.000.000
6 Setja upp hundagerði við vesturenda Starhaga, austur af Lambhóli	5.000.000
7 Auka öryggi með því að þrengja gatnamót Framnesvegur og Vesturgötu	3.000.000
8 Setja upp skammdegislýsingu, t.d. í trjágróðri, á völdum stöðum í hverfinu	5.000.000
9 Gróðursetja, setja stíg, lýsingu, borð og bekkir á svæði við Vesturbæjarlaug	10.000.000
10 Bæta við leiktækjum fyrir eldri börn á leiksvæði á Landakotstúni	6.000.000
11 Endurbæta og lýsa upp Nýlendugöturóló	3.000.000
12 Endurnýja leiksvæði milli Melhaga og Neshaga með leiktækjum	8.000.000
13 Setja upp gönguljós á gönguleið yfir Mýrargötu, við Seljaveg	12.000.000
14 Setja upp gönguljós á gönguleið yfir Ánanaust, við Vesturgötu	12.000.000
15 Setja upphitun í strætóskyli við Neshaga, á mótis við Melaskóla	3.000.000
16 Endurgera gangstétt og leggja hjólarein vestan megin á Birkimel	25.000.000
17 Setja upp hraðahindrun á Hjarðarhaga. Nánar staðsett síðar	2.000.000
18 Setja upp hellulagða hraðahindrun á Ægisgötu sunnan Vesturgötu	3.000.000
19 Setja upp hellulagða hraðahindrun á Furumel, sunnan Grenimels	3.000.000
Verð samtals	124.000.000
Fjárheimild hverfis	37.200.000



Betri hverfi
Forval verkefna í hverfum Reykjavíkur



Björgunar- sveitin Ársæll 70 ára

Föstudaginn 28. febrúar næstkomandi verður Björgunarsveitin Ársæll 70 ára. Af því tilefni mun biskup Íslands, frú Agnes M. Sigurðardóttir, vígja nýja og stækkaða Björgunarmiðstöð Björgunarsveitarinnar Ársæls og Slysavarnardeildarinnar í Reykjavík, að viðstöddum Forseta Íslands, herra Ólafi Ragnari Grímssyni.

Athöfnin fer fram í Gróubúð, Grandagarði 1 og stendur frá kl. 17-19.

Dagskrá

17:00 Húsið opnar.

17:15 Ávarp Hrundar Jörundsdóttur, formanns Ársæls.

17:25 Ávarp Hrafnhildar J. Scheving, formanns Slysavarnardeildarinnar í Reykjavík.

17:40 Þorsteinn Þorkelsson, félagi í Björgunarsveitinni Ársæli segir frá sögu og samningu Björgunarsveitanna Ingólfs og Álberts.

18:00 Biskup Íslands vígir stækkaða Björgunarmiðstöð Gróubúð, Grandagarði 1.

18:20 Karlakór Sjómannaskólans syngur nokkur vel valin lög.

18:40 Orðið laust.

Að athöfn lokinni er gestum velkomið að skoða húsið. Boðið verður upp á léttar veitingar.

Veislustjóri er Fríður Birna Stefánsdóttir.

Vesturbæjarblaðið

AUGLÝSINGASÍMI

511 1188

borgarblod@simnet.is

Ég fer bjartsýn inn í vorið

Eva Einarsdóttir, borgarfulltrúi og formaður ÍTR býr á Ránargötunni. Hún er alin upp í Austurbænum, nánar tiltekið í Langholtshverfinu. Hún sótti menntun til Svíþjóðar þar sem hún lauk námi í tómstunda- og félagsmálafræði frá Göteborgs Folkhögskola og síðan International Project Management for Civil Society & NGO's frá Globalverkstan. Eva hefur meðal annars starfað að atvinnu- félags- og frístundamálum ungs fólks en hefur einnig tekið að sér ýmis verkefni tengdu tónlistarlífi. Stjórnmałaferill hennar hófs með tilkomu Besta flokksins og framboði hans til borgarstjórnar Reykjavíkur fyrir bráðum fjórum árum. Hún hefur setið í borgarstjórn síðan og gegnt formennsku í Íþrótt- og tómslundaráði. Eva spjallar við Vesturbæjarblaðið að þessu sinni.

„Ég er fædd og uppalin í Austurborginni. Þjó lengst af í Langholtshverfinu og gekk í Langholts-skóla. Tilviljun réð því að í sama mánuði og ég var kosin í borgarstjórn flutti ég í vesturbæinn, á Ránargötuna þar sem ég bý nú. Það atvikaðist þannig að þrennt gerðist í mínu lífi þetta vor. Ég fæddi yngra barnið mitt, var kjörinn borgarfulltrúi og yfirgaf Austurborgina og hélt til vesturs. Nú er ég búin að vera á Ránargötunni í bráðum fjögur ár og líkar vel. Við eigum líka talsvert af vinafólki í nágrenninu. Ég hef alltaf búið í Reykjavík utan fjögur ár sem ég bjó í Gautaborg. Þótt ég sé úr Langholtshverfinu og búi nú í gamla Vesturbænum þá gæti ég alveg hugsað mér að prufa að búa á fleiri stöðum í borginni. Ef til vill verður það síðar en við verðum þar eitthvað.“

Hef mikinn áhuga á félagsmálum

Fjögur ár í Svíþjóð. Hvað olli því að Gautaborg varð fyrir valinu þegar stefndi að framhaldsnámi. Eva segir það val hafa orðið eftir að hafa starfað í félagsmiðstöðinni í Tónabæ um tíma og einnig stundað félagsmiðstöðvalfið eins og hún kemst að orði. „Ég hafði og hef mikinn áhuga á félagsmálum og tók þátt í ýmsu félagsstarfi á ungdómsárunum. Síðan starfaði ég í félagsmiðstöð og því lá beint við sækja menntun í þeim fræðum því ég hafði bæði áhuga og reynslu af þeim frá störfum mínum. Þá var ekki farið að kenna þetta hér svo ég ákvað að fara til Svíþjóðar vegna þess hversu Svíar standa framarlega á þessu sviði. Svíþjóðardvölin gerði mér ákaflega gott og ég held góðu sambandi við vinina þar.“

Heiða Kristín spurði mig

Eva snýr sér næst að aðdraganda þess að hún hóf afskipti af borgarmálum og lætur hugann reika aftur til aðdraganda kosninganna 2010. „Þótt ég hafi vasast í félags- og mannréttindamálum og félagsstarfi í gegnum tíðina

og haft áhuga á pólitík þá hafði ég aldrei komið nálægt pólitísku starfi veða verið tilbúin að bindast neinum flokki. Aðdragandinn að pólitískum ferli mínum var því ekki langur. Ég held það hafi verið um átta vikum fyrir sveitarstjórnarkosningarnar 2010 að Heiða Kristín Helgadóttir, framkvæmdastjóri Besta flokksins kom að máli við mig og spurði hvort ég vildi ekki koma til liðs við þau sem þá voru farin að skipuleggja framboð til borgarstjórnar. Við þekktum hvor til annarrar. Heiða Kristín hafði sem unglingur verið í félagsmiðstöð þar sem ég var að vinna og hún taldi að ég hefði eitthvað til málanna að leggja. Ég hugsaði mig um og vissi ekki í fyrstu hvað mér átti að finnast um þetta. Ég þekkti Jón Gnarr ekkert en var vissulega eins og margir aðrir til í breytingar. Svo ég ákvað að slá til og sé ekkert eftir því.“

Fólk vildi eitthvað nýtt

Eva segir að fljótlega eftir að hún og fleiri gengu til liðs við Besta flokkinn hafi boltinn farið að rúlla af stað. „Ég sá ekki fyrir mér í byrjun að ég yrði borgarfulltrúi þótt ég tæki sæti á framboðslistanum . Kosningabaráttan var litrík og skemmtileg og fólk vissi ekki almennlega á hverju það mátt eiga von. Ég held að ég hafi sjálf ekki vitað það til fulls. Við vorum fremur óhefðbundin miðað við það sem fólk þekkti og var vant við og komumst upp með það. Margir tóku þeirri áskorun að styðja okkur og jafnvel harðir andstæðingar hafa snúið blaðinu við. Fólk vildi grenilega eitthvað nýtt þótt það gerði sér ef til vill ekki fyrir hvað það stæði. Og allt í einu vorum við komin í meirihluta í borginni og Jón Gnarr orðinn borgarstjóri.“

Eva segir árin í borgarmálum hafi verið skemmtilegan tíma. „Verkefnin hafa verið og eru fjölbreytt og engir tveir dagar eru eins í vinnunni. Ég get alveg viðurkennt það. Ég komst auðvitað fljótt að því að aldrei verður hægt að gera öllum til hæfis en það á vel við mig að starfa í þjónustuhlutverki sem starf borgarfulltrúa er.“

Kosningabaráttan í vor verður öðruvísi

Talið berst að annarri kosningabaráttu sem nú er að hefjast. „Já – nú er annar slagur að hefjast. Jón Gnarr er að hætta. Enginn stígur í spor hans og ég held að óheppilegt væri ef einhver reyndi að gera það. Hver hefur sínar áherslur og sinn stíl. Kosningabaráttan í vor verður öðruvísi. Trúlega með hefðbundnara sniði vegna þess að nú leggjum verk okkar í dóm kjósenda.“

Sundstaðirnir eru „torg og pubbar“

Talið berst að ÍTR en Eva tók að sér formennsku í ráðinu eftir kosningarnar. „Það lá eiginlega beint við að ég færi inn á þann vettvang. Ég er svolítið á heima-



Eva Einarsdóttir, borgarfulltrúi og formaður ÍTR.

velli innanbúðar hjá ÍTR.“

Þá liggur beint við að inna Evu eftir því hvað hafi breyst á þeim tíma sem hún hefur sitt formannsstarfinu minnugur þess að Jón Gnarr lofaði fríum handklæðum á sundstöðum í kosningabaráttunni. „Ef til vill má segja að staðið hafi verið við það í óeiginlegri merkingu því margt hefur verið gert og er á þjónunum til þess að bæta sundaðstöðu í borginni. Talið um handklæðin var vissulega ábending um að ýmislegt þyrfti að bæta á þeim vettvangi þótt kann kysi að nálgast þann málflokk með óhefðbundnum hætti og yfirlýsingum. Nú er búið að fara í heilmiklar breytingar á Laugardagslaugin sem er flaggskip sundstaðanna. Nú í febrúar verður opnaður flottur pottur við Vesturbæjarlaugina sem var gerður í samstarfi við íbúa og framundan er bygging líkamsræktarstöðvar við Breiðholti-laugin. Eins fyrirhuguð útilaug við Sundhöllina spennandi og í Úlfarsárdal mun koma ný laug. Ég tel endalausa möguleika vera fyrir hendi þegar kemur að lýðheilsunni og einnig mikil tækifæri fyrir sundstaðina í tengslum við ferðaþjónustuna. Í augum margra ferðamann líta íslensku sundlaugarnar út eins og flott Spa. Við höfum heita vatnið og langt er frá að við séum búin að nýta þessa möguleika að fullu. Sundstaðirnir eru „torg og pubbar“. Þeir eru samkomustaðir þar sem stétt er með stétt og aldur skiptir engu. Fólk ræðir málin í heitu pottunum. Við eigum líka svo langa sundhefð. Allt aftur á daga Íslendingasagnanna. Margir þekkja söguna af Drangeyjarsundi Grettis sterka úr Grettissögu og var það ekki Helga Haraldsdóttir sem synti með synina tvo úr Harðarhólma í Hvalfirði þegar bóndi hennar var veginn samkvæm Harðarsögu Hólmverja. Svo ýtti sjómennskan einnig undir að auka sundkunnáttuna. Sjómenn urðu að geta bjargað sér á sundi. Og svo má ekki gleyma sjósundinu. Sjósundið virðist engin tiskubóla heldur hluti af þeirri útivist sem er komin til að vara. Þjónusta við sjósundið hefur aukist mikið á síðustu fjórum árum.“

Ungmennni ekki erfiður þjóðfélagsþópur

En að öðrum málum sem heyra undir ÍTR og þeim breytingum sem hafa orðið. Breytingin fólst í því að frístundastarfið sem áður heyrði undir ÍTR er nú hluti af Skóla- og frístundasviði borgarinnar sem er nú rúmlega tveggja ára svið. „Svona breytingar eru aldrei auðveldar. Í Reykjavík eru frábærir leiksskólar, skólar og frístundamiðstövar. Nú starfa þessar menntastofnanir mun nánar saman og það ásamt öllu því frábæra frístundastarfi sem er í boði. Eitt af markmiðunum er að dagur barna verði meira samfelldur og að allt það fagfólk sem vinnur með börnunum okkar vinni enn betur saman, enda markmið þeirra sameiginlegt,að taka þátt í að skapa góða einstaklinga út í samfélagið okkar.“

Eva segir margt hafa unnist og nefnir áfengis- og vímuefnamálin sérstaklega í því sambandi. „Við erum að ná ótrúlegum árangri í þeirri baráttu. Tóbaks- og áfengisneysla ungmenna hefur snarminnkað síðustu ár og mörg lönd horfa til okkar árangurs. Foreldrar eru líka orðnir sjálfsagðari þáttur í lífi ungmenna en var alla vega um tíma. Nú myndi ég vilja sjá meiri áherslu á heilbrigða líkamsmynd og að börn og ungmenni læri að ofbeldi af öllum toga er ólíðandi. Og þetta á auðvitað bara við okkur öll.“ Eva segir ungmenni ekki erfiðan þjóðfélagsþóps. Tími þeirra er þéttsetnari og það er gaman að sjá hversu mikið ungmenni taka þátt í hinum ýmsu frístundum sem er lykill að meiri lífsgæðum að mati Evu.

Íþróttir á Vesturbæjarlaugarlóðina

Þegar talist berst að Vesturbæ Reykjavíkur ber KR á góma. Eva segir KR þekkt fyrir gott barnastarf og forsvarsmenn þess jafnan haft góða og heilbrigða sýn fyrir félagið sitt. Skortur á landrými hái þó starfi þess. Eins er gaman að sjá góða samvinnu KR og Frostaskjól, frístundamiðstöðvar. Hugmyndin sé að nýta SÍF reitinn að hluta fyrir íþróttastarf og að hluta

fyrir íbúðabygð og raunar komið samkomulag um það.

„Við erum einnig að athuga lóðina í kringum Vesturbæjarlaugin og hvernig mætti nýta hana betur til íþróttastarfs. Þá er stækkun Vesturbæjar-skóla á döfinni. Hún er löngu orðin tímabær. Nemendafjöldinn eykst og með fyrirhuguðum byggingaframkvæmdum verður þörf fyrir stærri skóla. Tenging Vesturbæjarins við hafnarsvæðið og íbúafjölgun þar kallar eftir aukinni þjónustu á þessum sviðum sem öðrum. Mér finnst líka ánægjulegt hversu skólarnir vinna vel saman. Vesturbæjarfléttunnar er nú komin svokölluð Breiðholti-bylgjan í Breiðholti.“

Samstarf við Seltjarnarnesbæ er kostur

Skammt er úr Vesturbænum út á Seltjarnarnes. Börnum hefur farið fækkandi á Nesinu og skólarnir tæpast fullnýttir. Jón Gnarr talaði um að setja kortahlið á Seltjarnarnes í kosningabaráttunni sem var hans leið til þess að vekja athygli á spurningunni um hvort þetta ættu að vera tvö bæjarfélög. Talið berst að því hvort möguleikar kunni að vera á samstarfi á milli borgar og bæjar. Eva á sjálf á ættir á Seltjarnarnes því amma hennar er Björg Ísaksdóttir búa-ingahönnuður og myndlistarmaður á Setjarnarnesi. Hún segir ýmsa möguleika vera fyrir hendi.

„Ég hef átt viðræður við Ásgerði Halldórsdóttur bæjarstjóra á Seltjarnarnesi um samstarf einkum þegar kemur að íþrótt- og tómsundamálum. Gróttu og KR hafa einnig átt í góðu samstarfi. Nú er verið að skoða nánar hvernig Seltjarnarnes og Reykjavíkurborg geta unnið saman að því að bæta fimleikaaðstöðuna og ég held að við séum að komast að niðurstöðu sem báðir aðilar geta unað vel við.“ Eva segir að ef til vill verði þetta upphafi að meira samtarfi. „Ég tel vert að skoða megi fleiri samstarfsfleti. Það á við um öll nágrannasveitarfélögin. Ég held að við eigum langt í land að nýta alla möguleika hvort sem þeir eru á sviði íþróttu, skólamál eða annars. Við erum að vinna með fé skattborgaranna og ber að fara vel með það. Ef hægt er að ná sparnaði og að bæta þjónustu með samstarfi þá á að skoða alla möguleika.“

Fer bjartsýn inn í vorið

Og nú á að halda áfram í borgarmálum. „Já – ég skipa fjórða sæti á lista Bjartrar framtíðar sem tekur við af Besta flokknum. Við erum farin af stað og fundum og samsætum fer að fjölga fram að kosningum. Ég fer bjartsýn inn í vorið en eigum eftir að kynna borgarbúum allt hið góða fólk í Bjartri Framtíð - Reykjavík og hvað hann stendur fyrir. Ég tel mikilvægt að lofa ekki um of heldur að takast ávið viðfangsefnin eftir því sem þau berast. Það er mikið verk að vinna í velferðarmálum. Húsnæðismálin verða einnig í brennidepli. Það hefur margt verið gert á líðandi kjörtímabili en langt er í land. En það er líka margt sem við sem íbúar getum gert, tekið þátt í samfélaginu, verið jákvæð, talað umhverfi okkar upp því Reykjavík er í frábær borg að búa í. Auðvitað er alltaf eitt-hvað sem má bæta en stundum göngum við að hlutunum vísum. Það felast mikil lífsgæði í að búa í góðri borg eins og Reykjavík og þegar við erum þakklát og kærleiksrík verður borgin enn betri.“

Líttu við á Laugaveginum

Útibú í kjallara Mál- og menningar

Laugavegi 18 • S. 511 3399 • Opíð mán.-fös. kl. 11-18, lau. kl. 11-17

Betra hverfi 2014:

Ný verkefni í Vesturbæ

Listi verkefna fyrir Vesturbæ sem kosið verður um í rafrænum hverfakosningum undir nafninu „Betri hverfi 2014“ er nú tilbúinn. Hverfisráð Vesturbæjar fór yfir 48 hugmyndir sem bárust frá íbúum á vefinn Betri Hverfi í nóvember. Hverfisráðið stillti upp 20 hugmyndum sem íbúar munu velja um í rafrænum hverfakosningum en kosið verður um verkefni í öllum hverfum borgarinnar dagana 11. – 18. mars nk. Reykjavíkurborg hvetur íbúa í Vesturbæ til að kynna sér verkefni af kostgæfni og taka þátt í hverfakosningunum en kosningarétt hafa allir sem voru orðnir 16 ára um síðustu áramót. Kosningarnar fara fram á sama hátt og tvö síðastliðin ár en íbúar í Reykjavík hafa nú þegar kosið yfir 200 verkefni til framkvæmda í hverfum borgarinnar, sem Reykjavíkurborg hefur framkvæmt eða eru á undirbúningsstigi.

Meðal verkefna í Vesturbæ sl. tvö ár hafa verið miklar endurbætur á röluvöllum, fegrin Ægisíðu, nýr stigi niður í fjöruna á Eiðisgranda, bætt lýsing við leik-



Tröppur niður í fjöruna á Eiðisgranda opnuðu nýtt útivistarsvæði í fjörunni. Íbúar í Vesturbæ völdu hann í íbúakosningum 2012.

skóla og margt fleira sem gerir hverfið vistvænna og skemmtilegra. Síðastliðin tvö ár hefur Reykjavíkurborg varið 600 milljónum króna til verkefna sem íbúar velja sjálfir í hverfunum og verður 300 milljónum króna varið

til slíkra verkefna í ár. Þar af fara 37,2 milljónir króna til verkefna í Vesturbæ 2014. Hægt verður að kynna sér verkefnið betur á vef Reykjavíkurborgar reykjavik.is fyrir kosningarnar.

Hugmyndir sem kosið verður um í Vesturbæ 11. – 18. mars

1.	Setja upp hundagerði við Vesturbæjarlaug	5.000.000
2.	Fjölga hraðahindrunum á Kaplaskjólsvogi	2.000.000
3.	Endurbæta „Leynigarðinn“ við Brekkustíg 15B	3.000.000
4.	Setja leiktæki og malbika hluta stígs á svæði milli Grana- og Frostaskjól	10.000.000
5.	Fjölga ruslastömpum á völdum stöðum í Vesturbæ	4.000.000
6.	Setja upp hundagerði við vesturenda Starhaga, austur af Lambhóli	5.000.000
7.	Auka öryggi með því að þrengja gatnamót Framnesveg og Vesturgötu	3.000.000
8.	Setja upp skammdegislýsingu, t.d. í trjágróðri, á völdum stöðum í hverfinu	5.000.000
9.	Gróðursetja, setja stíg, lýsingu, borð og bekki á svæði við Vesturbæjarlaug	10.000.000
10.	Bæta við leiktækjum fyrir eldri börn á leiksvæði á Landakotstúni	6.000.000
11.	Endurbæta og lýsa upp Nýlendugöturóló	3.000.000
12.	Endurnýja leiksvæði milli Melhaga og Neshaga með leiktækjum	8.000.000
13.	Setja upp gönguljós á gönguleið yfir Mýrargötu, við Seljaveg	12.000.000
14.	Setja upp gönguljós á gönguleið yfir Ánanaust, við Vesturgötu	12.000.000
15.	Setja upphitun í strætóskýli við Neshaga, á móts við Melaskóla	3.000.000
16.	Endurgera gangstétt og leggja hjólarein vestan megin á Birkimel	25.000.000
17.	Setja upp hraðahindrun á Hjarðarhaga. Nánar staðsett síðar	2.000.000
18.	Setja upp hellulagða hraðahindrun á Ægisgötu sunnan Vesturgötu	3.000.000
19.	Setja upp hellulagða hraðahindrun á Furumel, sunnan Grenimels	3.000.000
Samtals		124.000.000
Fjárheimild hverfis		37.200.000

Girnileg ljóð og gómsæt súpa

Skál af ljóðum



Aðalsafn, Tryggvagötu 15, kl. 12-13
alla fimmtudaga frá 20. febrúar til 10. apríl.



Á fimmtudögum í hádeginu verður boðið upp á ljóðadagskrá og súpu í aðalsafni. Umsjón með dagskránni hefur Jakob S. Jónsson. Tvær tegundir af súpum frá Kryddlegnum hjörtum ásamt heimabökuðu brauði með hummus og hvítlaukssmjóri. Kr. 1.290. Kaffi á eftir.

Íslensk myndlist

Leigðu og eigðu



Daði Guðbjörnsson



Inga Elín



Anna S. Gunnlaugsdóttir

Myndlist til sölu og leigu/kaupleigu í Artóteki. Enginn kostnaður og alltaf hægt að skila. Greiðsla á mánuði: 1.000 – 10.000 kr. Sjá nánar á www.artotek.is

www.borgarbokasafn.is
www.bokmenntir.is
www.bokvit.tumblr.com
www.artotek.is



BORGARBÓKASAFN REYKJAVÍKUR

Aðalsafn, Tryggvagötu 15
Sími 411 6100
borgarbokasafn@borgarbokasafn.is

Afgreiðslutími:
Mánudaga - fimmtudaga 10-19
Föstudaga 11-18
Laugardaga og sunnudaga 13-17



Vesturbæjarblaðið www.borgarblod.is



Sungið í félagsmiðstöðinni á Vesturgötu 7



Söngur er gefandi, þroskandi og félagslega eflandi.

Starfræktar eru 16 félagsmiðstöðvar víðsvegar um borgina, sem eru opnar Reykvíkum á öllum aldri. Markmið félagsstarfsins er að fyrirbyggja og draga úr félagslegri einangrun með því að bjóða upp á opið félags- og tómstundastarf auk fjölda námskeiða.

Félagsstarfið er vettvangur samfunda, mannlegra samskipta og skapandi athafna. Leitast er við að virkja frumkvæði og hæfileika hvers og eins. Hádegis-

verður er í boði á öllum þessum stöðvum og kaffiveitingar. Að auki bjóða flestar félagsmiðstöðvar upp á akstursþjónustu, sameiginlegar verslunarferðir og baðþjónustu. Hárgreiðslu- og fóttaðgerðarstofur eru einnig starfræktar á mörgum stöðvunum.

Á Vesturgötu 7 er söngur í heiðri hafður, þar er sungið vikulega undir stjórn Gróu Hreinsdóttur, og ekkert slegið af, enda samverustundin svo skemmtileg.

Vellíðan á Snýrtistofunni

Eiðistorgi



er ómissandi í lífinu

551 23 23



Geirsgata 1 • Sími 511 1888

Gómsæti í göngufæri

VESTURBÆRINN MINN:

Draumurinn okkar

Í jólapistli hér í Vesturbæjarblaðinu sagði Charlotte Böving okkur frá draumi sínum um íbúahús. Við erum áreiðanlega nokkur sem höfum gert þann draum hennar að okkar og sjáum fyrir okkur ánægjulegar samverustundir með nágrönnum þar sem við getum borðað saman, haldið veislur, föndrað og allt hvaðeina sem okkur kann að detta í hug.

Íbúasamtökum vesturbæjar vex nú hratt fiskur um hrygg og hafa yfir 500 manns skráð sig á fésbókarsíðu samtakanna. Svona mörg og samhent getum við látið drauma rætast.

Þessi pistill er um draum okkar Haraldar sonar míns. Haraldur er 15 ára unglingur með þroskaröskun og hann er Vesturbæingur. Haraldur á erfitt með að rata og fer fátt einn síns liðs. Hann þekkir þó til í Vesturbænum enda hefur hann alltaf átt heima hér. Fyrst á Vesturgötu 52 og svo á Framnesvegi 26a. Haraldur þekkir Ragga rakara og hann þekkir konuna í fatahreinsuninni. Hann er stórvinur Fransisku í Bónus og honum er heilsað með virtum í Grandakaffi. Hann er farinn að rata niður í Ánanaust til að ná í pizzu og í verslunina Víði. Hann þekkir marga í sjón og margir í hverfinu kannast við hann.

Það er öryggi í því að vera á heimaslóðum, ekki bara fyrir Harald heldur líka fyrir mig. Það er gott að vita af góðum grönnum sem þekkja til Haraldar og myndu aðstoða hann ef hann lenti í vanda.

Haraldur hlakkar til að verða fullorðinn og flytja að heiman. Hann dreymir um einhverskonar sambýli en jafnframt að eiga sína eigin íbúð. Til þess að sá draumur hans geti ræst þarf hann að flytja í annað hverfi. Búsetu úrræði sem henta honum eru nefnilega ekki til í Vesturbæ. Það er yfirleitt ekki átakalaust fyrir börn og unglinga að flytja milli hverfa en fyrir börn eins og Harald er það mun erfiðara og getur verið mjög kvíðavaldandi. Draumur okkar Haraldar er einhversskonar íbúða-sambýlis kjarni í Vesturbæ þar sem væru 5 til 6 einstaklingsíbúðir auk sameiginlegs rýmis. Þar yrði sameiginleg aðstaða til borðhalds og stofa þar sem halda mætti júrónisjón party. Í húsinu yrðu vinnu-föndur- og tónlistarstofur og aðstaða til líkamsræktar.

Í góðum garði við húsið væri hægt að stunda matjurta- og blómarækt, grilla, hoppa á trambólíni og leggjast í heitan pott. Þangað væri hægt að bjóða nágrönnum í grillparty, setja upp markað og halda hverskyns uppákomur. Svona íbúða kjarni krefst ekki margra bílastæða. Einungis fyrir fáeina starfsmenn,



Asta Kristún ásamt syni sínum, Haraldi.

tilfallandi gesti og ferðaþjónustu fatlaðra sem myndi sjá um að koma íbúum til og frá vinnu.

Það er ekki beinlínis oframboð á lóðum í Vesturbæ en þær eru þó til og eins eru nokkur auð svæði í vesturbæ sem ekki hafa verið skipulögð. Nú höfum við nokkrir foreldrar fatlaðra barna í Vesturbæ tekið höndum saman í von um að þessi hugmynd geti orðið að veruleika og höfum augastað á nokkrum stöðum þar sem svona kjarni gæti risið.

Einn af þessum stöðum er lóð sem þegar hefur verið úthlutað til kirkju sem telur 300 sóknarbörn. Lóðinni fylgja 2 til 3 bílastæði. Eftir því sem ég kemst næst hefur prestur kirkjunnar ekki lýst sig mótfallinn því að kirkjan risi annarsstaðar í Reykjavík enda eru áreiðanlega til heppilegri staðir í Reykjavík fyrir stóra kirkju þar sem fólk hefur möguleika á að koma akandi til messu og fá bílastæði skammt frá kirkjunni sinni.

Þessi lóð myndi henta prýðisvel fyrir draumahúsið okkar.

Ásta Krístrún Ólafsdóttir

Ljúffengur hádegismatur

Hádegismatur er frá 11:30-14:00

Súpa og kaffi fylgja með öllum réttum í hádeginu á Kaffivagninum



KAFFIVAGNINN

st. 1935

Grandagarði 10 • Sími 551 5932



9 - 18
10 - 16



Vesturreitir eru á Aflagrandi 40.

Kvikmyndasýningar, notendaspjall, skák og fleira í Vesturreitum

Félagsmiðstöðin Vesturreitir á Aflagrandi 40 mun bjóða upp á kvikmyndasýningar tvisvar í mánuði. Sýningararnar verða fyrsta og þriðja fimmtudag í mánuði og hefjast klukkan 13:15.

Sýndar verða gamlar og góðar bíómyndir. Næsti sýningardagur er samkvæmt þessum upplýsingum 20. febrúar nk.

Notendaspjall

Notendaspjall er óformlegt spjall notenda félagsstarfsins við starfsmenn félagsmiðstöðvarinnar, þar sem farið verður yfir hvað má betur fara varðandi félagsstarfið og hvað er gott. Allar hugmyndir varðandi félagsstarfið eru

vel þegnar. Notendaspjallið hefur verið haldið nokkrum sinnum og vel hefur tekist til, margar góðar hugmyndir hafa komið fram sem eru þegar komnar í framkvæmd. Notendaspjall þetta er fyrsta og þriðja fimmtudag hvers mánaðar kl. 12.30. Félagsmiðstöðin Vesturreitir, Aflagrandi 40 mun bjóða upp á vikulega skákstund. Skákstundin verður á fimmtudögum klukkan 13:30. Gestum er velkom- ið að grípa í taflborð, leysa skák- þrautir eða bara spjalla saman um þessa skemmtilegu íþrótt. Starfsfólk Vesturreita væntir þess að sjá sem flesta taka taka þátt í þessu skemmtilega félagsstarfi Vesturreita.

Verkefnisstjórar frístundaheimila á ráðstefnu í Kanada



Peir Andri Fannar Ásgeirsson og Martin Smedlund fylgjast af athygli með því sem fram fer á ráðstefnunni. Þeir miðla svo væntanlega þekkingu sinni til krakkanna í Vesturbænum.

Á dögnum fóru verkefnisstjórar frístundaheimila Vesturbæjar á ráðstefnu í Vancouver í Kanada.

Yfirskrift ráðstefnunnar var „Yngri árin: Mótun æskunnar - Þættir sem skipta máli.“ Ráðstefnan var frá fimmtudegi til sunnudags með mismunandi fyrirlestrum, kynningum og smiðjum er snéru að uppeldi og þroska barna. Skoðað var hvernig félags-

og líffræðilegt umhverfi hefur áhrif á þroska barna og hve mikil- vægt væri að fara rétt að í þessari mótun til að stuðla að ævilangri vellíðan. Mjög margt var í boði og völdu verkefnisstjórar sér fræðs- lu/smiðjur sem þeir gætu nýtt sér og heimfært yfir á starf þeirra. Þessi vel heppnaða ráðstefnan er á tveggja ár fresti í Kanada og var einn þáttur í símenntun verk- efnisstjóra frístundaheimila.

Handavinnubúðin Amma mús einnig komin á Laugaveg

Hildur Guðnadóttir hefur í á fjórða ár rekið verslun með hannyrðavörur í Ármúla 18 og ber sú verslun það skemmtilega nafn, Amma mús-handavinnuhús.

Nú hefur Hildur teygst starfsemi- na niður í miðbæ en á neðstu hæð Laugavegs 18, sem áður hýsti barnabókadeild Máls & menningar, hefur hún frá því í haust verið með verslun und- ir sama nafni og með sömu vör- ur. Það hefur mælst vel fyrir hjá þeim sem búa í Vesturbænum og Miðænum að fá þessa viðbót í verslunarflórana.

„Fólk nýtur þess að þrjóna fal- legan fatnað fyrir sig og sína úr góðu garni og hér eigum við nóg af slíku. Danska fyrirtækið ISAGER er mjög duglegt við að koma með nýjar bækur fyrir konur, karla og börn auk þess að bjóða upp á garn í úrvali. Það er gaman að segja frá því að karlar þrjóna líka og þeir eru auk þess mjög opnir fyrir öllum þeim möguleikum sem þrjónaskapur býður upp á.“

Útsaumurinn sækir á og er það ánægjuleg þróun

„Til okkar er hægt að koma í þrjónahitting með vinkonunum, sækja sér kaffi á kaffihúsið og kíkja í bækur. Við gerum okkar besta í því að taka vel á móti öll- um og aðstoða eftir mætti,“ segir Hildur Guðnadóttir.



Hildur Guðnadóttir í versluninni á Laugavegi 18.




Séð yfir verslunina.

Nýtt deiliskipulag Tryggvagötu 13:

Borgarbókasafn á neðstu hæð, en skrifstofur og íbúðir á efri hæðum

Borgarráð Reykjavíkur hefur staðfest breytingu deiliskipulags fyrir lóðina við Tryggvagötu 13 en þar stendur til að reisa sex hæða byggingu. Í breytingunni felst að horfið er frá fyrirhug- aðri notkun hússins sem þjón-ustu, skrifstofu og gistihúss, m.a. fyrir UMFÍ. Í húsinu mun verða þjónusta á jarðhæð auk þess sem Borgarbókasafn Reykjavíkur fær stærra húsnæði.

Húsið verður í samræmi við byggingar sem fyrir er á reitnum og mun rúma aukna starfsemi og þjónustu Borgarbókasafnsins auk þess sem aðgengismál verða stórbætt í safninu. Skipulagsyf- irvöld telja að að stærð og hlut- föll viðbyggingarinnar bjóði upp á spennandi arkitektúr með útsýni yfir höfnina og að mikil þrýði verði af torgi sem verður á reit- um Tryggvagötumegin. Í húsinu verður verslunar- og þjónustu-



Teiking af fyrirhuguðu húsi að Tryggvagötu 13, suðvesturhlið.

rými á fyrstu hæð en skrifstofur og íbúðir á annarri til sjöttu hæð. Ein athugasemd við skipulagið

barst, hún kom frá Íbúasamtökum Vesturbæjar.

Ingibjörg Jóhannsdóttir ráðin skólastjóri Landakotsskóla

Stjórn Landakotsskóla hefur ráðið Ingibjörgu Jóhannsdóttur, skólastjóra Myndlistaskólans í Reykja- vík, í starf skólastjóra Landakotsskóla frá 1. ágúst nk. Stjórnin hefur leitað að nýjum skólastjóra frá því á haustmánuðum en núverandi skólastjóri, Sölvi Sveins- son, skýrði stjórninni frá því í september sl. að hann myndi láta af störfum eftir lok yfirstandandi skólaárs. Ingibjörg Jóhannsdóttir hefur verið skólastjóri Mynd- listaskólans í Reykjavík frá árinu 2005, en hún hefur starfað við skólann frá 1996. Ingibjörg stundaði nám

við School of Visual Arts og Pratt Institute í New York á árunum 1992 til 1994, en áður hafði hún lokið námi við Grafíkdeild Myndlista- og Handíðaskóla Íslands. Hún lauk prófi til kennsluréttinda frá Háskóla Íslands 1997. Stjórn skólans telur að reynsla, áhugamál, bakgrunnur og menntun Ingibjargar falli sérstaklega vel að áhersl- um skólans. Landakotsskóli leggur höfuðkapp á að veita nemendum sínum úrvalsmenntun og ber árangur skól- ans um árabil vitni um að hann er einn af bestu skólum landsins.

„Áhugi stráka á lestri eykst“

- segir Oddný Sturludóttir, formaður skóla- og frístundaráðs Reykjavíkurborgar

Frá hausti 2008 hefur verið fylgst náið með virkni nemenda, liðan og skóla- og bekkjaranda í grunnskólum Reykjavíkur,“ segir Oddný Sturludóttir, formaður skóla- og frístundaráðs Reykjavíkurborgar. Allir nemendur í 6. - 10. bekk svara spurningum í Skólapulsinum um námsáhuga, stuðning og samskipti við kennara, tengsl við nemendahópinn og um almenna liðan. Hægt er að greina mun eftir kynjum, fylgjast með sveiflum og grípa inn í ef neikvæðar breytingar verða. Oddný Sturludóttir segir reykvísk börn og ungmenntu koma mjög vel út og segir ómetanlegt að slíkt verkfæri sé til staðar til að fylgjast með liðan barna.

„Eftir haustmælinguna 2013 vitum við að reykvískum nemendum liður mjög vel, áhugi þeirra á námsgreinum er mikill og það verður að minnast á þá ánægjulegu staðreynd að reykvískir nemendur eru mjög ofarlega í samanburði annarra sveitarfélaga hvað snertir ánægju af lestri, þar standa reykvískir strákar nokkuð betur að vígi en strákar almennt. Strákum finnst gaman að lesa í Reykjavík! Hér má þakka óþrjótandi elju reykvískra kennara að vekja áhuga stráka á lestri en í foreldrahópnum er líka mikil og góð vakning um mikilvægi þess að halda bókum að strákum. Svo eigum við líka svo flinka rithöfunda, krakkar gera kröfur og þeir vilja lesa góðar, spennandi og skemmtilegar bækur.“

Rós í hnappagat kennara

Jákvæðni nemenda í garð kennara sinna eykst ár frá ári og það er lítill sem enginn aldurs- eða kynjamunur á því viðhorfi þeirra. „Það er rós í hnappagat reykvískra kennara, nemendurnir eru einfaldlega mjög ánægðir með þá og telja þá áhugasama um að þeim líði vel og að þeir hlusti á tillögur þeirra. Er hægt að fá betri dóm frá ungu fólki? Það sem var ánægjulegast við

haustmælinguna er að mælingar á liðan og sjálfsmynd komu einnig vel út og vil ég sérstaklega nefna að við erum að sjá mjög ánægjulega þróun varðandi sjálfsmynd. Við höfum verið að leggja áherslu á virka umræðu um jafnrétti og að berjast gegn neikvæðum staðalmyndum sem draga oft máttinn úr ungu fólki, sérstaklega stelpum. Það er mjög traustvekjandi að sjá að við erum að ná árangri þar. Síðast en ekki síst erum við að ná árangri við þann vágast sem einelti er, ár frá ári fer einelti minnkandi og vil ég þakka það samstilltu átaki alls starfsfólks skóla- og frístundasviðs. Ég leyfi mér að fullyrða að við værum ekki að ná þessum árangri nema vegna þess að nú göngum við öll í takt á nýju sameinuðu sviði. Það skiptir máli að stilla saman strengi þeirra sem koma að velferð, uppeldi og námi barna og ungmennta. Við eigum börnin saman og saman náum við árangri í því sem mestu máli skiptir; velferð barna.

Niðurstöður úr Skólapulsinum eru fyrst og fremst nýttar í hverjum skóla til að fylgjast með liðan og virkni nemenda, við sjálfsmat og stefnumótun, auk þess sem starfsfólk í félagsmiðstöðvum í Reykjavík nýtir hluta þeirra í sama tilgangi. Heildarniðurstöður fyrir



Oddný Sturludóttir, formaður skóla- og frístundaráðs.

Reykjavík eru skoðaðar reglulega í skóla- og frístundaráði og nýttar í stefnumótun. Þessar niðurstöður er að mestu leyti sambærilegar við þær sem Rannsóknir og greining hafa sent frá sér og eiga við vorönn 2013. Þar má m.a. nefna að níu af hverjum tíu nemendum leið yfirleitt vel í skólanum og mikill meirihluti þeirra átti marga vini. Þá falla þessar mælingar að niðurstöðum PISA rannsóknarinnar sem sýndi góða liðan íslenskra nemenda í samanburði við önnur OECD-lönd,“ segir Oddný Sturludóttir.

**Ræstingar / Teppahreinsun
Steinteppahreinsun / Bónvinna
Meðhöndlun Náttútusteins
Hreingerningar / Flutningsþrif
Húsfélagapjónusta ofl.**

Ræsting og Ráðgjöf ehf

**Alhliða hreingerningarpjónusta
S. 519 7500 • 770 4630
www.clean.is**



Mikið úrval af alls kyns vörum sem freistar þeirra sem koma á flóamarkaðinn.

Flóamarkaður á Eiðis- torgi bætir mannlífið

Hópur áhugamanna um bætt mannlíf í Vesturbænum og Seltjarnarnesi hefur komið á fót flóamarkaði á Eiðistorgi. Markaðurinn hefur verið haldinn fyrsta laugardag í hverjum mánuði í vetur og verður næsti markaður 1. mars nk. og síðan fyrsta laugardag í hverjum mánuði eftir það. Góð stemming hefur verið í vetur og fólki fjölgar stöðugt sem sækir markaðinn.

Miklar endurbætur hafa verið gerðar á þaki Eiðistorgs sem hafði lekið um nokkurt skeið. Vonast aðstandendur til þess að þetta hleypi lífi í torgið. Einnig er

gert ráð fyrir að tónlistarmenn og aðrir listamenn fái tækifæri til þess að kynna list sína. Markaðurinn er kominn með facebook síðu, www.facebook/365iceland eða Flóamarkaður Eiðistorgi, síðu þar sem hægt er að panta bás. Þetta er kjörið tækifæri fyrir fólk að koma með gamlar gersemur úr geymslunni sem tímabært er að skipti um hendur. Þar má nefna fatnað, skó, geisladiska, jólaskraut, skartgrip, búsáhöld, borðbúnað, lampa, myndaramma leikföng, bækur húsgögn og margt fleira. Sjón er sögu ríkari.

TUDOR RAFGEYMAR



Veldu öruggt start með TUDOR.

TUDOR **SKORRI** **TUDOR**
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bíldshöfði 12 • 110 Rvk • 5771515 • skorri.is

lifestream
náttúruleg uppspretta bætiefna

Náttúrulegt magnesíum

BRAGÐLAUST!

5
mánaða
skammtur

Meiri...
gæði

Þarf aðeins 1/3 tsk til að fá 350mg af hreinu magnesíum.

Duftið leysist upp í **KÖLDU** vatni. Hámarksupptaka í líkamanum.

Þægileg inntaka fyrir börn og fullorðna. **Gerið verðsamanburð**

FÆST APÓTEKUM, KRÓNUNNI, NÓATÚNI, HAGKAUP OG GRÆNNI HEILSU.



JÓGA & HEILSA

*Námsskeið fyrir konur
á Aflagrandu 40*

Jógaleikfimi, mjúkar æfingar, góðar teygjur, öndun og slökun.

Jóga liðkar og styrkir líkamann, er gott gegn vefjagigt og eykur almenna andlega og líkamlega vellíðan.



Réttindi frá British School of Yoga and Yoga studio.

Skráning hjá Hildi B. Eydal jógakennara • Gsm: 8644476



Hópurinn sem gaf sig fram til þátttöku í „Vesturbær’s got talent.“

Vesturbær’s got talent 2014

Þann 23. janúar sl. var hæfileikakeppnin Vesturbær’s got talent 2014 haldin í Frostaskjóli. Fimmtán hæfileikarik börn skráðu sig í keppnina. Ágúst Beinteinn Arnason hlaut 1. sætið með frumsömdu rapplagi en í 2.-3. sæti voru þau Emil Adrian Devaney með uppistand og töfrabrögð og Freyja Ellingsdóttir rappari með meiru. Fjölmargir áhorfendur fylgdust með keppninni foreldrum, starfsfólki og börnum til mikillar ánægju og stóðu allir sig með stakri þrýði og háttvísi.

Kynnir kvöldsins var Markús Loki Gunnarsson, nemi úr 5. bekk í Melaskóla. Dómnefndin var skipuð Kötlu Sigurðardóttur Snædal úr 7. bekk í Melaskóla, Kjartani Henry Finnbogasyni leikmanni í Meistarflokki KR, Þorbjörgu Roach starfsmanni frístundaheimilisins Skýjaborga og liðs-

manni úr hljómsveitinni Retro Stefson og Bjarka Sigurjónssyni, deildarstjóra unglingastarfs í Frostaskjóli. Keppnin byrjaði með frumsömdum dansi, sem skapaði strax léttu en fjöruga stemmningu í salnum. Í kjölfarið fylgdu söngatriði, rappatriði og töfraatriði með skemmtilegu kómisku ívaði. Einnig var mjög flott harmonikkuspil frá einum hressum dreng 5. bekk, söngur án undirspils frá hugrakkri stelpu í 7. bekk og söngur með bollatakti.

Starfsfólk Tíu12 þakkar öllum sem tóku þátt og einnig þeim sem áttu hlut að máli, þá sérstaklega dómnefnd hæfileikakeppninar og þeim fyrirtækjum sem styrktu keppnina um vinninga; Blómagallerí á Hagamel, Dominos og Metro. Keppnin verður endurtekin að ári.

www.borgarblod.is



Gerir við allar tegundir startara, alternatora, beinar innspýtingar, rafmagn í bílum og bátum.

Sævar
Bíla- og bátarafmagn
Sími 561-1466 - Kirkjubraut 13, Seltjarnarnesi

rafmagn@mi.is



HÁGÆÐI.IS
HÚSAVIÐGERÐIR.IS
FLÍSALAGNIR.IS



100% endurgreiddur vsk af vinnu
Sími: 565-7070

Ostabúðin Búrið komin á Grandann



Eigandi Búrsins, Eirný Ósk Sigurðardóttir, á milli tveggja starfsmanna, þeirra Lilju Bjarkar Jónsdóttur og Þorgerðar Ólafsdóttur.

Ostabúðin Búrið hefur flutt sig um set úr Nóatúni niður á Granda, á Grandagarði 35 á móti Kaffivagninum en verslunin hefur starfað á sjötta ár. Eirný Ósk Sigurðardóttir, verslunareigandi, segir að tilgangurinn með flutningnum hafi verið m.a. að komast nær miðbænum og Vesturbænum auk þess sem Grandinn sé meira í alfararleið heldur en Nóatúnið.

„Með komu okkar í Búrinu á Grandanum eykst fjölbreytt flóra verslana og er er gott með t.d. hönnunarfyrirtækjunum sem eru einnig hér í gömlu verbúðunum sem hafa svo sannarlega vaknað til lífsins. Okkur hefur verið vel tekið hérna, hingað koma auðvitað þeir sem voru í viðskiptum við okkur og svo höfum við verið að sjá ný andlit. Það er ekki neinn sérstakur þjóðfélagshópur sem hingað kemur, heldur þverskurður af þjóðfélaginu, kannski fólk skiptist frekar í bragðhópa. Sérstafa Búrsins er ekki síst fræðsla, fróðleikur og viss ostaleynilögga!”

Eirný segir að neysla osta fari svolítið eftir árstímanum. Á vetur eru það ekki síst gráðostar, oft sterkir en á sumrin ostar eins og t.d. ferskir geitaostar. En að velja ost getur verið viss list. Sögu hvers osts má finna á ostaást101.



Ostaúrvalið er svo sannarlega mikið og girnilegt.

„Hver einasti Íslendingur neyttu um 28 kg af osti á síðasta ári en árið 1952 var neyslan aðeins 4 kg á mann. Ostaneyslan á Íslandi er sú fjórða hæsta í heimi, þjóðir eins og Frakkar standa okkur framár. Við erum með ostaskóla, námskeið sem eiga að henta öllum sem vilja fræðast frekar um osta og læra að nota réttar ostategundir í réttum tilfellum. Á námskeiðunum fær fólk fróðleik og þekkingu og ekki síst upplifir það hráefnin. Búrið framleiðir einnig sultur og kryddsultur,” segir Eirný Ósk.

Vetrarmarkaður í Hörpu

Vetrarmarkaður ljúfmetisverslunarinnar Búrsins verður á jarðhæð Hörpu helgina 1. og 2. mars nk. Þar verður boðið upp á stærsta matarmarkað landsins, þar sem bændur, framleiðendur og neytendur bera saman bækur sínar og stunda viðskipti. Einkunnarorð Vetrarmarkaðarins eru „Uppruni, umhyggja og upplifun“ og þar ættu allir að finna eitthvað góðmeti við sitt hæfi.

SALON REYKJAVÍK
KYNNIR HÁRLIT **ÁN** AMMONÍAKS, PARABENS, FORMALDEHYDE, RECORCINOL EÐA PLASTS

organic
color systems

GRANDAGARÐI 5 / 568 5305
SALON@SALON.IS



Frábær tilboð

þegar þú sækir pizzu

12" pizza
með 2 áleggstegundum

1290 kr.

15" pizza
með 2 áleggstegundum

1490 kr.



Gildir ekki í heimsendingu
Gildir ekki með
öðrum tilboðum
Gildir ekki á 30"

**tvennu
tilboð**

Þú kaupir pizzu og stóran
skammt af brauðstöngum
og færð aðra pizzu frítt,
borgar fyrir dýrari pizzuna.

HRÓI HÖTTUR • HRINGBRAUT 119 • SÍMI 55 44 444



Bernskuminningar úr Vesturbænum

Dúfur og dúfnakofar, og alls kyns kofar, voru hluti af heimi stráka og líka heimatilbúnaðar púðurkellingar

Ég, Helgi Þorláksson, fæddur í ágústmánuði 1945, ólst upp á Seljavegi 10 og þar og í grennd var fleira kennt við sel, svo sem Selbúðir (horfnar) og Selbrekkur (horfnar). Enn standa Stóra Sel, Litla Sel og Jörunnarsel en horfin eru Miðsel og Ívarssel sem er á Árbæjarsafni. Þessi sel og seljanoðn veittu tilfinningu fyrir sögu og gamalli tíð. „Hér hafði Ingólfur í seli“, var sagt. Selsvör og grennd var töfraheimur, þar söfnuðu krakkar ígulkerum og krossfiskum og svo var Pétur Hoffmann hjálpaði við að ýta bátum á land þegar hann kom að með hrognkelsi. Vinsælt var að stökkva af Ufsakletti undan öldunni. Ekki langt frá Selsvör voru Öskuhaugarnir (hjá núverandi Rekagrandi) og þangað var sótt efni í svo nefnda „kassabíla“ sem strákar ýttu um allar göttur. Þetta var um miðjan sjötta áratug síðustu aldar.

Skíðasleðar voru algengir, búnar til „halarófur“með því að raða saman sleðum í göðum snjó að vetri og farið í „salibunur“ niður Vesturgötu. Löggur fóru reglulega gangandi í eftirlitsferðir endilanga Vesturgötu, niður að sjó, og litu með velþóknun á sleðaiðkun, götunni var jafnvel lokað fyrir bílum svo að börn gætu verið óáreitt. Löggurnar töluðu í „lökkusíma“ sem var fastur á vegg við Vesturgötu, eftir því sem mig minnir, og læstur í járnkassa. Á mótum gatna voru „lökkusteinar“, gulir og svartir; þar gátu löggur staðið og stjórnað umferð. Margir strákar voru hræddir við lögguna en sumir hræddust fátt og létu sig hafa það að brjóta brunaboða.



Við Helga Árnadóttir komum úr sendiferð. Vorum líklega send í smábúð á horninu á Vesturgötu 59, eina af fjölmörgum smáverslunum í hverfinu.

Það þótti vont gabb. Svona kaldir karlar hlupu kannski á mænnum eftir endilöngum húsalengjum og sinntu engu þótt skipað væri að koma strax niður.

Fimmaurakark og Parísarhopp

Lífið var annars leikur, Fimmaurakark og hopp í París og svo fjöldi leikja sem hafa ekki sést lengi. Strákar skoppuðu t.d. gjörðum, ráku á undan sér reiðhjólagjörðir með spýtum. Hópar krakka léku sér saman,og var þá gengið og sungið; farið var í Inn og út um gluggann, Vindum, vindum, vefjum band, Ein sit ég og sauma, Vaki, vaki vaskir menn, leiki sem voru alþekktir og allir kunnu og tíðkuðust ekki sist í afmælum barna. En svo voru líka sungin kvæðalög, eins og Frimann fór á engi, og það voru einkum stóru stelpurnar sem kunnu þetta. Sumir leikir snerust um að vera fljótur að hlaupa, Mamma, mamma má ég, Salt og brauð fyrir mér, Stórfiskaleikur, Hlaupa í skarðið og mfl. Strákar voru hrifnir af spretthörðum stelpum, ekki sist ef þær voru með sítt hár. Boltaleikir voru óþrjótandi, Yfir og Sto og mikilvægt að vera snöggur. Svo var leikur sem hét Pílualeikur og var þá mikið við haft, hópur faldi sig og annar leitaði og hafði kort, til að fara eftir, og strikaðar örvar á jörðu. Mikið af þessu er gleymt en þó mátti til skamms tíma heyra Bimm-bamm, bimm-bamm á skólalóðum; það er leikur sem hefur borist munnlega frá kynslóð til kynslóðar og stelpur virtust aldrei geta fengið nóg af. Niðursoðnar nærbrækur komu mikið við sögu í þessum leik og svo var sungið: „Fari þau þá með glerið.“ Fullorðnir sögðu

að þarna ætti að syngja: „Fari þau þá með gleði.“

Ólánsmerki að drepa járnsmið

Það voru mörg óskráð lög-mál á götunni, td. að ekki mætti lemja minni en átta en var kannski upphaflega minni máttar. Svo var ólánsmerki að drepa járnsmið en sumir sögðu Óláfsmerki.

Dúfur og dúfnakofar, og alls kyns kofar, voru hluti af heimi stráka og líka heimatilbúnaðar púðurkellingar. Margir áttu leikfangabyssur og þóttust vera kábojar („Þú ert dauður“. „Nei, góði!“). En það var líka merkilega mikið um heimatilbúin sverð og menn þóttust vera Skarphéðinn eða Gunnar. Það var líklega af því að frá þeim var vandlega sagt Íslandssögu Jónasar frá Hríflu. Fyrir skildi voru notuð öskutunnulok.

Á æskuárum mínum voru húsmæður almennt heima, fæstar unnu úti en nokkrar skruppu þó í fisk, unnu tímabundið í frystihúsi þegar mikið var að gera, bæði í Hraðfrystistöðinni, sem er horfin, og Fiskidjuveri ríkisins á Grandagarði þar sem núna er Víkin, sjóminjasafn. Þær höfðu matinn tilbúinn fyrir karla sína sem skutust heim í hádeginu; á morgnana fóru þær sjálfar í búðir, keyptu td. fisk sem var aðeins slægður en ekki flakaður. Vír var settur í fiskinn og þannig haldið á honum og gat verið sóðalegt. Þess vegna kæddust konur í gamlar kápur, „fiskikápur“, ekki vel hreinar. Þær voru líka oft með „krullupinna“ og slæður yfir. Helst drógu þær að föng á morgnana en eftir hádegi var algengt að hrópa á krakka út um glugga og biðja þá um að sendast.

Í hverfinu var merkilega mikill fjöldi af smábúðum þar sem fólk fékk skrifað; sumir fengu skrifað í mörgum búðum, td. hjá Gestu í Svalbarða, neðst í Skuldarbrekku á Framnesvegi. Ég hélt um tíma að skýring nafnsins væri sú að margir skulduðu honum en brekkan reyndist kennd við húsið Skuld sem enn stendur á sínum stað í brekkunni. Hvernig stóð á öllum þessum búðum? Og gátu kaupmenn lifað af slíkum smáviðskiptum? Það var líka hægt að senda krakka í sjoppur á kvöldin, eftir sigarettum og hugsanlega Vísi eða Mánudagsblaðinu.

Sjoppur töldust stórhættulegar

Sjoppur töldust annars stórhættulegar því að þar hengu inni unglingar sem reyktu sigarettur og voru sagðir drekka gos og kaupa „sorprít.“ Góðborgarar sem fluttu erindi í þættinum „Um daginn og veginn“ í útvarpinu á mánudagskvöldum viku oft að þessum ósoma. Já, það var þjónusta hvarvetna, ef það voru ekki „nýlenduöruverslanir“, voru það skósmiðir, fiskisalar, rakarar; svo voru sjoppur, mjólkurbúðir og vefnaðarvöruverslanir. Vesturgatan var mikil þjónustugata.

Seljavegurinn var sjómanna-



Í góðri gæslu fyrir framan Seljaveg 10. Stúlkan sem krýpur til vinstri er Unnur Magnúsdóttir, Seljavegi 13.

gata, þarna var Bjarni skipp á fimm sem var á Tröllafossi, Rósi á ellefu var á Aski og Ársæll á níu líka en Halli sonur hans á Tröllafossi. Alli á sjö var á Marsinum og þannig má lengi telja. Marsinn og Askur voru síðutogarar. Það ríkti vinsemd meðal nágranna og karlarnir gaukuðu oft fiski að mömmu en hún ræktaði garð og launaði með grænmeti. Af pabba er það helst að hann vann á „kontór“ hjá Vita- og hafnarmála í stórhýsi við sömu götu og þar þekkti ég alla karlana, sumir gáfu mér tókall fyrir Freyjustaur, aðra „bollaði“ ég smástrákur með vendi á bolludaginn og átti þá inni bollur.


Húsið okkar var flutt á Seljavegin af Mýrargötu í stríðinu og þurfti að klippa niður rafmagnsvíra og símavíra til þess að það kæmist áfram á dráttarvagni sem Kanar lánuðu. Allir vírar voru á staurum og þegar Billi vinur minni á níu hringdi úr 6007 í 7077, til að bjóða mér

á jólaball, svaraði ekki. Símavirinn hafði slitnað af staurnum í vondu veðri og ég missti af ballinu. Annar góður vinur var Pétur á 23 sem mamma kallaði Pétur ráðherra af því að pabbi hans var Kristján ráðherra sem ók ráðherrabíl. Viðurnefnið var stytting úr ráðherrabílstjóri. Á 3a voru Lúlli og Grétar, sonur Hansa bakara, og var margt brallað í kolakompunni hjá þeim.

Við hliðina á garðinum okkar var fótboltavöllur þar sem margir upprennandi KR ingar áttu góðar stundir. Þeir voru af Seljavegi Hörður Óskars, Hreiðar, Diddi Beck og Steini klaki. Borgin ákvað að þarna skyldi Kolsýruhleðslan fá að reisa hús enda „hafnsækin“ starfsemi. Íbúar mótmæltu ákaft og minntu á að lofað hefði verið leikvelli á svæðinu. Blöð andstæð Sjálfstæðismönnum birtu myndir af okkur krökkunum sem horfðum sorgbitin, eins og við átti, á skurðgröfur grafa fyrir húsinu. Gunnar Thoroddsen borgarstjóri brást



Húsið á Seljavegi 10, í miðju stríðinu, ný flutt af Mýrargötu.



Við Billi og hestur hans í garðinum á Seljavegi 15. Síðar flutti Billi á Seljaveg 9.

við og lét setja niður leiktæki á Millistíg svonefndum; þetta var 1953. Þau eru löngu horfin leiktækin og líka hús Kolsýruhleðslunnar. Ég tók hins vegar út minn fótboltaþroska á vellinum á Framnesvegi þar sem Vesturbæjarskóli er núna. Svo fór ég með 3. flokki í KR í keppni til Skotlands. Þá sungum við lagið „Vertu ekki að horfa svona alltaf á mig“ á annarri hæð í strætó en bílstjórinn barði í loftið á neðri hæð.

Gamlar konur þökkðu okkur hins vegar fyrir góðan söng og er minnstætt eins og flest í þessari ferð. Stórvinur minn Billi var með og komst til frama í fótboltanum.

Kampararnir kepptu við Gamminn, Geislann, Örninn og fleiri

Annars gekk ég í Melaskólann og fór oft gegnum Camp Knox; þar þótti okkur sjö ára gömlum, mér og Billa, ekki óhætt að fara einir, vorum jafnan tveir eða nokkrir saman. Það var talið að þarna væru óknyttastrákar en flestir reyndust vel og og kampararnir höfðu lið í fótbolta og kepptu við okkur strákana í Gamminum, sem var á Seljavegi, eða við Geislann á Holts- götu,eða Örninn og fleiri félög.

Melaskólinn var snotur og snyrtilegur og ég átti góðar stundir þar hjá Dagnýju. Gaggó Vest í JL húsinu við Hringbraut var ekki eins snotur og snyrtilegur en það bættu upp margir frægir og færir kennarar.

Það er margs að minnast, svo sem Stjána hrossó sem hafði hesta í skúr í portinu sínu, vestast við Vesturgötu, og bar skít á blettinn hjá okkur og fékk að slá þar í staðinn, með orfi og ljá. Við krakkarnir hjálpuðum honum



Helgi Þorláksson

stundum í heyskapnum og að launum sagði hann okkur sögur í hlöðunni, einu sinni td. um Fróðárundur. Skúli á Framnesvegi hafði líka hesta í skúr bak við hús og við Skáholt á Drafnarstíg voru hænur og egg seld en í Hamarsgerði við Brekkustíg var fjárhús og kindur. Stundum ráku karlarnir hestana sína á beit „út í eyju“ en eyjan var Örfirisíey sem nefndist frekar Öffersey eða Effersey. Þangað var oft farið í ævintýraferðir, oft á hjólum, og mátti þá rekast á Þórberg Þórðarson kviknakinn að gera æfingar. Í slíkum ferðum var stundum hjólað á mjóum hafnargarðinum út í vita. Svo var sjálfsagt að renna fyrir fisk, niðri á bryggjum eða bak við verbúðir. Marhnúti var alltaf sleppt, jafnan með því að spýta upp í hann í von um að „marsdóninn“ biti ekki á aftur.

Allt í einu urðu sumir unglingar, notuðu brilljantín í hárið, „til að venja“, og læddust upp í nótabát niðri á Granda til að fá sér smök. Barnæskan kvaddi en Vesturbærinn gamli lifir í minningunni.



Billi býr sig undir að taka körfuskot; við Pétur Kristjáns erum til varnar. Húsið á Seljavegi 10 t.v. og hús Péturs Snæland við sjóinn í fjarska. Þetta er líklega skömmu fyrir 1960.

Maður er mannsins gaman á Vesturgötu 7



Ólafur Kristjánsson, Bergur Jónsson og Ósk Söphusdóttir sátu og spjölluðu og hlustuðu á söng frá öðrum enda félagsmiðstöðvarinnar.

Ólafur Kristjánsson er uppallinn í Borgarfirði, að Lundum í Stafholtstungum, en flutti hleypti snemma heimdraganum og flutti í Vesturbæinn í Reykjavík þar sem hann kann ákaflega vel við sig.

Hann sækir reglulega í félagsmiðstöðina að Vesturgötu 7 og segir það algjörlega ómissandi fyrir karl eins og hann að líta í kringum sig, hitta annað fólk og spjalla um

heima og geima. Þar er umræðuefnið afar fjölbreytt, ekkert óviðkomandi, jafnvel ekki ríkisstjórnin eða borgarstjórn, og svo er blöðunum flett og þar skapast alltaf umræðuefni og ekki eru allir sáttir við umfjöllun fjölmiðlana, enda á það svo að vera.

Bergur Jónsson býr í Þingholtunum og segir að það hafi hann gert býsna lengi enda kunni hann

ákaflega vel við sig svo nálægt miðborginni.

Ósk Söphusdóttir býr í Sólheimum í Vogahverfinu en telur það alls ekki eftir sér að koma vestur í bæ og hitta skemmtilegt fólk eins og hún segir. Ósk er ættuð úr Strandasýslu og segist alltaf hafa sterkar taugar til svæðis og reynir að koma þangað þegar þess gefst kostur.

www.n1.is

facebook.com/enneinn



Kæru Vesturbæingar,

Frá og með 1. mars næstkomandi mun breyting verða á afgangiðslutíma N1 Ægisíðu en verið er að sameina starfsemi bílaþjónustu og þjónustustöðvar. Þjónustan verður óbreytt og munu starfsmenn N1 áfram þjónusta þann mikla fjölda viðskiptavina eins og áður.

Breytingin felur í sér að móttaka bílaþjónustunnar færist yfir á þjónustustöðina og verður aðstaða betri fyrir viðskiptavini. Bílaþjónustan stækkar og verður enn betri í að veita viðskiptavinum sínum afbragðs þjónustu.

Nýr afgangiðslutími:
Mánudaga til föstudaga 08:00 – 18:00
Laugardaga 09:00 – 13:00

Bestu kveðjur,
Starfsfólk N1 Ægisíðu.





Hafsteinn Egilsson veitingamaður á Rauða Ljóninu.

Rauða Ljónið 25 ára

Rauða Ljónið fagnar 25 ára afmæli sínu laugardaginn 1. mars, en þann dag verður þess líka minnst að þá eru 25 ár frá því heimilt var að selja bjór á Íslandi. Rauða Ljónið og Kringlu-kráin er einu kránnar sem tóku til starfa þann dag og eru enn nánast óbreyttar.

„Við munum gera okkur daga- mun og þá með okkur tryggu viðskiptavinum, en í tilefni dags- ins verður björinn seldur á sama verði og var fyrir tuttugu og fimm árum,“ segir Hafsteinn Egilsson á Rauða Ljóninu. Hann segir fleira verða gert á tímamótunum, þar verði húllumhæ.

„Við höfum rekið Rauða Ljónið í fimm ár. Þann tíma hafa veiting- ar ekkert hækkað í verði og við ætlum ekki að hækka í fyrirséðri framtíð. Rauða Ljónið hefur því lagt sitt lóð á vogarskál stöðug- leika í landinu, enda löngu orðið klassískt.“ Rauða Ljónið hefur auk- ið þjónustu sína enn frekar, en nú er opið í hádeginu alla daga og þá er meðal annars seldur heimilis- matur. „Þessari nýbreytni hefur verið vel tekið sem er virkilega

gaman, enda er Eiðistorgið að efl- ast og umferð um það fer vax- andi,“ segir Hafsteinn.

Það voru þeir Árni og Þorleifur sem stofnuðu Rauða Ljónið og rákum það með sóma. Það var fyrir fimm árum sem Hafsteinn Egilsson og María Hilmarisdóttir tóku við rekstrinum.

„Þetta hefur gengið vel og Rauða Ljónið er fyrir löngu orðið fastur punktur í lífi margar Seltirninga og Vesturbæinga. Sífellt fleiri hafa áttað sig á að hjá okkur er hægt að panta mat og taka með heim, og flestir eru þeirrar skoðunar að pizzurnar okkar eru góðar, svo ekki sé talað um hina rómuðu hamborgarana. Þegar leikið er í enska boltanum er margt um manninn hjá okkur. Stuðningsmenn hina ólíku liða hittast hér, mynda hópa og hafa gaman af. Við ætlum að gera vel við þessa góðu viðskiptavini okkar af tilefni afmælisins og erum búin að setja upp fjóra 70 tommu hágæðaskjái. Okkur er ekkert að vanbúnaði, við bjóðum upp á það besta,“ segir Hafsteinn Egilsson að lokum.

Hvað gamall nemur ungur temur á Vesturgötu 7



Þær Matthilda Ása, Rebekka Berta Hanson og Dána Rós Del Negro sameinast í tövlukennslunni, sem var afar vel þegin.

„Það ungur nemur, gamall temur“ er gamall málsháttur sem auðvitað er enn í fullu gildi. En í nútímaþjóðfélagi þar sem tæknin ræður ríku snýst þetta stundum við.

Margt eldra fólk hefur ekki til- einkað sér nútímataekni sem m.a. snýr að tölvunotkun, sumir jafn- vel smeykir við þessa tækni og

halda sig í fjárlægð, jafnvel telja sig ekki þurfa á þessari tækni að halda.

Nemendur í Vesturbæjarskóla eru alls ekki sammála því og hafa komið eldri borgurum sem koma í félagsmiðstöðina að Vesturgötu 7 til hjálpar með því að miðla þeim upplýsingum sem þau hafa um tölvur til þeirri eldri, og kenna

þeim að nýta sér tölvurnar. Þekk- ing krakkanna er í flestum tilfell- um afar yfirgripsmikil. Í síðustu viku voru nokkrir krakkar mættir í félagsmiðstöðina til að kenna þeim eldri. Þar snérist málshátt- urinn, var þennan dag, „hvað gamall nemur, ungur temur.“

Leila Boutique opnar á Eiðistorgi

Laufey Birkisdóttir snyrti-, nudd- og förðunarfræðingur sem lærði í Englandi og París opnaði nýverið snyrtistofu og verslun á Eiðistorgi undir heitinu Leila Boutique. Hún segir ástæðu þess að hún valdi þennan stað þá að staðsetningin sé góð og þróun- in allstaðar sú að litlar verslun- armiðstöðvar í nágrenni séu að höfða til fólks.

„Fólk vill getað gengið, hjólað eða ekið stuttar vegalengdir. Eiðistorgið er að lifna aftur við og fólk er að sækja þangað í meira mæli en var. Auk verslunarstarf- semi er menningarfulltrúi Seltjarn- arnesbæjar að standa fyrir all- skyns viðburðum og uppákonum á torginu. Vesturbæingar sækja hingað jafnt enda er Eiðistorg í næsta nágrenni en fólk kemur ein- nig allstaðar að. Ég myndi vilja fá rúllustiga upp á efri hæðina og mála þakið hvítt. Þegar er lyfta til staðar á torginu en rúllustigi myndi bæta aðgengi að efri hæð- inni til muna,“ segir Laufey. Snyrti-



Laufey Birkisdóttir snyrti-, nudd- og förðunarfræðingur.

stofan Leila Boutique hefur upp á bjóða alla almenna snyrtingu úr Clarins snyrtivörunum en ste- fna Clarins er að vörurnar verði lausar við öll óæskileg aukaefti í lok þessa árs. Gel neglur og nagla-

vörur munu bætist við og einnig Bare minerals make up vörurnar svo og undirföt, skart og fleira í framtíðinni. Laufey var áður með Snyrtistofuna Guerlain á Óðins- götu í 101 um í átta ár.

Vesturbæjarblaðið

AUGLÝSINGASÍMI

511 1188 / 895 8298

www.borgarblod.is

BRA

BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUÐUNS

TOYOTA-þjónusta

- Gæðavottað verkstæði af Bilgreinasambandinu
- Bílaeigubíll á meðan viðgerð stendur
- Frí tjónaskoðun og föst verðtilboð
- 5 stjörnur frá Sjóvá

Réttum og málum allar tegundir bíla

GÆÐAVOTTAD VERKSTÆÐI

Nýbýlavegi 10 · Kópavogi · Sími 554 2510

www.bilasprautun.is

Eru tryggingarnar þínar í lagi?

Býð faglega tryggingaráðgjöf og tilboð í tryggingar fyrir bæði einstaklinga og fyrirtæki.

Það er mikilvægt að tryggingarnar séu í takt við þarfir þínar eða fyrirtækis þíns hverju sinni.

Hafðu samband og ég fer yfir málin með þér.

Kristinn Rúnar Kjartansson
kristinnk@vis.is
Sími 560 5155 | GSM 820 0762

VÍS – þar sem tryggingar snúast um fólk

Hartnær 600 keppendur á Gullmóti KR í sundi

Gullmót KR fór fram um síðustu helgi í Laugardalslauginni og þar var margt um keppendur og starfsmenn en á mótinu kepptu 590 sundmenn í 78 greinun.

Úrslitakeppnin í KR-martamorgaes Super challenge var afar spennandi. Eygló Ósk Gústafsdóttir sigraði í kvennaflokki á tímanum 26.23 sek. og Alexander Jóhannesson í karlaflokki á nýju Reykjavíkumeti, 23.79 sek. Ásgeir Beinteinn Arnason sigraði í piltaflokki á 26.44 sek. sem var góð bæting. Alls voru 13 KR-ingar í úrslitum og bættu þeir sig allir í úrslitakeppninni. Sett voru 9 mótismet um helgina. KR hópurinn stóð þétt saman alla helgina, sýndi glæsilega frammistöðu og var félaginu sínu til sóma.

Stigahæstu sundmenn mótsins fyrir 3 stigahæstu sundin voru:

1. Eygló Ósk Gústafsdóttir, Ægir
2. Daníel Hannes Pálsson, Fjölni
3. Bryndís Bolladóttir, Óðni.



Gullmótið er ekki síður góð skemmtun fyrir þá sem þangað mæta en hörð keppni í lauginni.

Bikarkeppni BTÍ:

Lið frá KR í 2., 3, og 4. sæti

Þrjú lið frá KR voru í verðlaunasætium í Bikarkeppni Borðtennissambands Íslands, sem fram fór í Íþróttahúsi Haga-skóla sl. sunnudag.

Liðið KR-Pardus, skipað Aldísi Rún Lárusdóttur, Einari Geirssyni og Hlökkverri Steina Hlökkverssyni tapaði 3-4 í úrslitum fyrir liði Víkings, sem varð bikarmeistari.

Liðið KR-Alfa, skipað Sigrúnu Ebbu Tómasdóttur, Gunnari Snorra Ragnarssyni og Péttri Marteinu Tómassyni, og KR-Kvistur, skipað mæðginunum Guðrúnu Gestsdóttur, Péttri Gunnarssyni og Skúla Gunnarssyni höfnuðu í 3.-4. sæti.



Liðin í fjórum efstu sætunum. Bikarmeistarar Víkings með bikarinn fyrir miðjum hópnum.

Liðakeppni unglinga í borðtennis:

KR sigraði í báðum yngstu flokkunum

Íslandsmeistaramótið í liðakeppni unglinga fór fram í KR-heimilinu við Frostaskjól fyrir skömmu. Þátttakendur komu frá BH, Dímon, HK, KR og Víkingi.

KR sigraði í báðum yngstu flokkunum, sveina og meyjja fæddra 1999 og síðar. HK sigraði í flokki stúlkna fæddra 1996-1998 og Víkingur vann í flokki drengja fæddra 1996-1998. Í flokki stúlkna fæddra 1993-1995 sigraði sameiginlegt lið KR og Víkings og sameiginlegt lið BH og KR í flokki drengja fæddra 1993-1995. Þetta var fyrsti Íslandsmeistaratitill BH í liðakeppni í borðtennis en KR vann sveinaflokkinn 10. árið í röð.

Verðlaunahafarnir í flokkakeppni, meyjjar. Í liði KR-a voru Ársól Arnardóttir og Sveina Rósa Sigurðardóttir.



KR-SÍÐAN



Dominosdeild kvenna í körfubolta:

KR vann Grindavík og mætir næst Snæfelli



KR-ingar í Dominosdeild kvenna í leik fyrir í vetur gegn Val.

KR vann Grindavík 84:78 í leik í Dominos-deild kvenna sem fram fór í Grindavík fyrir skömmu.

Stigahæst KR-inga var Ebone Henry sem skoraði 25 stig, tók 15 fráköst, átti 6 stoðsendingar og stal boltanum frá andstæðingnum 9 sinnum. Þetta er frábær árangur hjá Ebony Henry og undirstrikar vel hversu mikilvæg hún er KR-liðinu. Bergþóra Holton Tómasdóttir skoraði einnig 25 stig og Sigrún Sjöfn Ámundadóttir 20 stig og tók 9 fráköst.

KR-ingar töpuðu fyrir Val, 71:48

og fyrir Njarðvík 74:67 og léku gegn Haukum á Ásvöllum í gærkvöldi. Liðið er í 6. sæti með 18 stig. Liðið mætir deildarmeisturum Snæfells í næsta leik í Frostaskjóli sunnudaginn 2. mars nk.

Karlalið KR í Dominosdeild karla lék á mánudaginn sl. gegn Keflavík í Frostaskjóli í uppgjöri efstu liðanna og fór leikurinn 90:89 fyrir KR. Eftir leikinn er KR efst í deildinni með 34 stig tveimur stigum meira en Keflavík. Næsti leikur liðsins er í Þorlákshöfn næsta föstudag, 28. febrúar gegn heimamönnum í Þór.

www.kr.is

Opnunartímar:

Mánud. Þriðjud og Miðvikud. 12:00 til 15:00

Fimmtudaga 12:00 til 15:00 og 17:00 til 19:30

Föstudaga 13:00 til 19:30

Laugardaga og Sunnudaga 13:00 til 18:00

Skólar og sérhópar: Mánudag til föstudags 10:00 til 15:00

Sími: 588 9705
www.skautaholl.is

GETRAUNANÚMER

KR ER 107

Apótekið þitt

í gamla Héðinshúsinu við Seljaveg 2



Reykjavíkur Apótek býður upp á allar tegundir lyfja. Mikið og fjölbreytt úrval af heilsulyfjum, bað- og ilmvörum, gjafavörum auk ýmissa annarra góðra kosta.

Reykjavíkur Apótek er sjálfstætt starfandi apótek sem leggur áherslu á persónulega þjónustu og hagstætt verð.



SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

Öryrkjar og eldri borgarar njóta sérkjara hjá okkur

Afgreiðslutími:
9-18:30 virka daga
10-16:00 laugardaga

Reykjavíkur  Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is